

Jarðfræði Íslands

Eftir dr. Helga Pjetúrss

I

Margt hefir mátt í blöðum sjá um ferðalög hér á landi síðastliðið sumar, en þó hefi jeg hvergi sjeð getið þeirrar ferðarinnar, sem mjer þykir mest um vert. En það er rannsóknferð Jóhannesar Áskelssonar um Snæfellsnes. Jóhannes er hinn mesti garpur til ferðalaga, einsog kom vel í ljós er hann fór, með öðrum manni sjer líkum í því efni, listamanninum Guðmundi Einarssyni, til að rannsaka gosið í Vatnajökli 1934, og þó ekki síður er hann lagði aftur upp á jökulinn, svo að segja um hæl, til þess að geta orðið hinum ágæta danska jarðfræðingi, dr. Niels Nielsen, að liði við rannsóknir hans. En Jóhannes er ekki einungis framúrskarandi ferðagarpur heldur einnig áhugamikill og glöggskygn jarðfræðingur, eins og hann hefir sýnt með rannsóknum sínum á sjávarmenjum Suðurlandsins, á Tjörnesi, og nú ekki síst í sumar á Snæfellsnesi, þar sem hann gerði stórmerkilegar nýjar athuganir. Það var ekki fyr en eftir aldamótin síðustu, sem

jarðfræðingum fór að verða kunnugt um hvílík fróðleiksnáma Snæfellsnesið er, og nú hefir Jóhannes Áskelsson þar stórvel við aukið.

Það hafði komið í ljós, að á norðanverðu nesinu eru afar fróðlegar menjar um jarðsögu landsins, grafnar djúpt í fjöllin má af þeim m. a. sjá, að mjög snemma á ísaldatímabilinu hefir sjór staðið hb. 200 metrum hærra

breytingar hafa orðið á landinu síðan. Enginn, sem vit, hefir á jarðfræði, getur án nokkurrar geðshræringar virt fyrir sjer fjöll einsog Kirkjufell eða Mýrarhyrnu, er hann minnst þess hve mjög merkilegum fróðleik um myndunarsögu landsins fjöll þessi búa yfir. Mýrarhyrnu t. d. skortir ekki svo mjög hæð á við Esjuna, og þó er langmestur hluti þessa mikla fjalls, eigi einungis að löguninni, heldur að sjálfu því efni sem það er hlaðið úr, yngri en fyrsta ísöldin sem hér gekk yfir, og sýnir þetta m. a. hversu mjög fjarri sanni þær hugmyndir voru, sem

menn alt fram að aldamótum gerðu sjer um aldur landsins og landslagsins.

Nú hefir Jóhannes Áskelsson bætt þarna mjög skemtilega við jarðfræði Íslands með því að finna í Stöðinni svonefndri — en til forna hjet fjall þetta Brimlárhöfði — menjar jurtagróðurs. Má þar af sjá að þar varð þurt land sem áður hafði verið sjávarbotn, og grösom og víði gróið þar sem áður hafði legið skriðjökull. Er þar um mikla loftslagsbreytingu að ræða og sennilega svo, að nokkru hlýrra hefir þá orðið á Íslandi en nú er. Og nokkrar líkur til, að þessi mikla breyting hafi orðið á ekki mjög löngum tíma. **En alt gerðist þetta hundruðum árabúsunda fyrir þá ísöld, sem ein var kunn hjer á landi fram að aldamótum.**

II.

Um alllangan tíma höfðu þarna ekki verið eldgos, en eftir að loftslagið er orðið líkt og nú, eða þó nokkru hlýrra, hefst ógurleg gosöld. Og víða í fjöllum hjer á landi má sjá þess merki, að svona hefir oftast verið. Eftir miklar gosaldir verður kyrd, loftslagið kólnar og það svo að jökull kemur yfir; aftur hlýnar, jökullinn bráðnar burt og enn er kyrt um hríð, en síðan hefjast aftur stórkostleg eldgos. Nú er enn svo, að loftslagið er að bráðbreytast og jöklarnir bráðminka. Magister Steindór Sigurðsson gat þess fyrir skömmu, að jökulfjallið Ok hefði

lækkað um 40 metra; og sje miðað við Jarlhetturnar suðaustan í Langjökli, þá er mjög augljóst, að á ekki mörgum árum, hefir jökullinn bak við þar lækkað til muna.

Oss getur ekki annað en komið til hugar, hvort enn muni verða einsog áður hefir orðið og endurtekist í jarðsögu landsins, að hefjast muni ógurleg gosöld, er hlýnir um hríð og jökulbunga ljett af landinu. En hið stórkostlega og stórfróðlega jarðfall rjett vestan við Háafoss, gefur glöggva

hafa verið jarðskjálftarnir á óróaöldunum. Berið saman jarðfall þetta og grjóthrunið sem varð úr Háafosshömrnunum í jarðskjálftunum miklu 1896.

III.

Tímamót eru nú í sögu þjóðar vorrar, meiri og allmjög annars eðlis en nokkur sem yfir hana hafa komið áður. Er nú öll framtíð þjóðarinnar undir því komin, að þeim aldaskiftum reiði svo af sem skyldi. En ef svo verður ekki, mundi skemst eftir íslenskrar sögu. Og ekki ólíklegt, ef svo færi, að eldöld af því tagi sem drepíð var á, mundi eiga drjúgan þátt í því að landið legðist í eyði. En mjög færi þá á annan veg um framtíð Íslands en spáð hafa ágætir menn, innlendir og útlendir, Eggert Ólafsson, Jónas Hallgrímsson og nú síðast þessi undraverði Skoti Adam Rutherford. Og þykir mér líklegt, að eitt-

Mbl. 15 júní '38
Jarðfr. Íslands.

hvað verði til að bjarga, þó að ekki skuli nánar um það rætt að sinni. Hins vil jeg geta að greinarlokum, hversu skemtilegt er fyrir þá sem eitthvað hafa við vísindi fengist, að hugsa til þess, hve mikið mun kveða að Íslendingum framtíðarinnar á því sviði — ef vel fer — og þá ekki síst í jarðfræði. Framtíðin mun kunna að meta þessa ágætu vísindamenn sem svo vel stuðlar að því að eigi einungis eftirtekt og skugga hugsun, heldur einnig ást á þessu ínu sínu og allri jörðinni. Þessi kensla í þeim fræðum mun vera hafin þegar í barnaskólunum.

1. nóvember 1937.

Helgi Pjetursson

LEIÐRJETTING.

Í aths. í Lesbók Mbl. 31. október hafði misritast hjá mjer 5. október 18. október, en greinin „Ljóssins birtist“ birtist í „Vísir“ þann dag. E.